

LBU-024-1 Öryggi á urðunarstað - áhættumat


Ábyrgðarmaður: Yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar

1.0 Tilgangur og umfang

Að lýsa almennum og sértækum kröfum til umgengi og öryggis á urðunarstað SORPU í Álfsnesi og lýsa framkvæmd áhættumats.

Urðunarsvæði SORPU er skilgreint sem sá hluti athafnasvæðis SORPU í Álfsnesi þar sem móttaka (V) (vigt og skráning), endurvinnsla (þ.m.t. söfnun á hauggasi (H), söfnun dekkjakurls (K) og timburkurls (T)) og förgun úrgangs (baggastál (S), lausatíppur (L), seyruhola og dýra-, asbest- og gifsgryfjur) fer fram ásamt athafnasvæði verktaka (P) og svonefndu moltuplani (M). Svæðið er afgirt og því aðgangsstýrt við vigt, bæði handvirkt og með aðgangskortum.

Einnig eru á svæðinu gashreinsistöð (G) og starfsmannaaðstaða (A) í Álfsnesbænum.



Mynd 1. Urðunarstaður SORPU í Álfsnesi (bókstafir skv. framangreindu).

2.0 Tengiliðir vegna starfsemi í Álfsnesi

Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja greina m.a. frá verkefnum öryggistrúnaðarmanna og -varða. Reglurnar er að finna aftast í handbókinni auk bæklinganna „Hví öryggisvörður“ og „Hví öryggistrúnaðarmaður“.

Öryggisvörður í Álfsnesi er staðarstjóri urðunarstaðar: Guðmar Guðmundsson, s. 660 2210

Öryggistrúnaðarmaður í Álfsnesi er: Þróstur Sigtryggsson, s. 660 2208 eða 520 2200

Sviðsstjóri urðunar: Skúli Skúlason, s. 660 2209 Sviðsstjóri í gasi: Viðar Ásgeirsson, s. 660 2257

Vaktmaður á vigt (V): s. 660 2208

Skrifstofa í Gufunesi: s. 520 2200 Yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar: Bjarni P. Hjarðar. s. 6602231

Við Álfsnesbæ (A) er safnstaður vegna óvissuástands, flaggstöng máluð í **bláu-grænu-bláu** á kafla.

Í starfsmannaaðstöðu í (A) er sjúkrakassi, sjúkrabörur, slökkvitæki og leiðbeiningar um skyndihjálp.

Allir fastráðnir starfsmenn hafa fengið þjálfun í skyndihjálp.

Ef slys ber að höndum: Neyðarlínan 112 – Hringt frá urðunarstað SORPU í Álfsnesi – Bær, Vigt, Gashreinsistöð

3.0 Öryggisreglur á urðunarsvæðinu

Svæðinu er aðgangsstýrt, svo vita megi hverjir eru hvenær á svæðinu og að sérhver sé meðvitaður um öryggisreglur og ábyrgð á eigin öryggi. Staðarstjóri urðunarstaðar eða staðgengill hans skráir þá aðila sem hafa formlegan aðgang aðgang að svæðinu vegna starfsemi á vegum SORPU, verktaka samkvæmt samningi og þjónustuaðilum SORPU og/eða verktaka.

Eftirfarandi gildir um urðunarsvæði SORPU í Álfsnesi:

1. Óviðkomandi bannaður aðgangur.
2. Starfsmenn verktaka mega fara á eigin ökutæki að starfsmannabúðum, enda sé því lagt þar.
3. Starfsmenn verktaka fara eingöngu um urðunarsvæðið á ökutækjum merktum viðkomandi fyrirtæki.
4. Verktakar opni ekki hliðið fyrir öðrum en sjálfum sér og sínum starfsmönnum.
5. Þjónustubílar, sem sinna verktökum, skulu merktir verktakanum og eru á ábyrgð hans. Slíkir aðilar fá spjald til að hafa sýnilegt í/á farartæki. Verktaki skal láta starfsmann á vigt vita fyrir hverjum hann opnar inná svæðið.
6. Almenn hjálmaskylda gildir á svæðinu sem og skylda til að klæðast áberandi vinnufatnað með endurskini.
7. Reykingar eru með ÖLLU óheimilar.
8. Staðarstjóri urðunarstaðar afhendir verktökum aðgangskort og/eða lykil og heldur skrá yfir þá sem fá heimild.
9. Þegar verki verktaka inn á urðunarsvæðinu er lokið skal hann skila aðgangskorti og/eða lykli strax til staðarstjóra.

ATH: Staðarstjóri getur fyrirvaralaust vísað fólki og/eða farartækjum af svæðinu sé um brot á ofangreindu að ræða eða umgengi er þannig að öryggi fólks sé stefnt í hættu.

4.0 Umgengni og upplýsingar

Ef verktaki telur umgengni eða upplýsingum ábótavant á urðunarsvæðinu skal hann taka það upp á verkfundum með SORPU og leggja það fram til staðarstjóra til mats og framkvæmda. Yfirstjórn og ábyrgð á rekstri urðunarstaðarins er á höndum yfirverkfræðings þróunar- og tæknideildar.

5.0 Öryggisgátlisti starfsmanna og öryggisbúnaður

ÖRYGGISGÁTLISTI YFIRFARINN MEÐ NÝLIÐA

Þegar nýr starfsmaður hefur störf er brýnt að hann verði sem fyrst kunnugur helstu öryggisatriðum. Því skal öryggisvörður eða öryggistrúnaðarmaður fara yfir öryggisgátlista og öryggishandbókina með honum innan viku frá ráðningu og kynna vel þau atriði sem þar koma fram. Öryggisvörður/öryggistrúnaðarmaður og starfsmaður skulu kvitta fyrir að kynning hafi farið fram og gátlistinn skal geymdur með ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns.

ÖRYGGISBÚNAÐUR SEM STARFSMÖNNUM BER SKYLDA TIL AÐ NOTA SAMANBER STARFSREGLUR SEM STARFSMENN UNDIRRITA Í UPPHAFI STARFS (EBF-016 Starfsreglur)

Notist alltaf	Notist þegar við á
Hlíffðarfatnaður Öryggisskór Vinnuvettlingar Öryggishjálmur	Heyrnahlífar Öryggisgleraugu Gúmmivettlingar Gasgrímur með súrefnisfæðingu Rykgrímur Öryggisstígvél Vatnsgalli

6.0 Öryggisvörður-Öryggistrúnaðarmaður

ÖRYGGISVÖRÐUR samræmir framkvæmd forvarna og öryggisráðstafana við skipulagningu og tímasetningu verkþátta og boðar til og stýrir mánaðarlegum fundum um öryggismál. Hann sér um að upplýsingar um slys, næstum slys og óhöpp séu skráð og tilkynnt á réttan hátt.

ÖRYGGISTRÚNAÐARMAÐUR er fulltrúi starfsmanna verksins. Hann fylgir eftir, í samvinnu við öryggisvörð, lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstað, sbr. 5.gr. laga nr. 46/1980. Hann hefur hvetjandi og móttandi áhrif á starfsmenn í öryggismálum, m.a. hvatningu til fræðslu-/kynningarfundu um öryggismál.

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður á svæðinu:

- skulu í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög, in,
- tryggja fræðslu starfsmanna og nýliða um þessi efni,
- þeir skulu fá hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið til að gegna skyldum sínum við eftirlit,

- skulu fá tækifæri til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- skulu eiga hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað,
- njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.
- atvinnurekandi ber kostnað af starfi þeirra að bættu starfsumhverfi

7.0 Áhættugreining

Lagaforsendur: Skv. 65.gr laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum skal atvinnurekandi setja fram verklagsreglur sem gilda á vinnusvæðinu, gera skriflegt áhættumat fyrir verkefni og gera áætlun um forvarnir.

Áhættumatið skal ná til allra þátta sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna og byggir á Evróputilskipun (89/391) og Vinnuverndarlögum (46/1980) m. br. frá 2003.

Framkvæmd áhættumats:

- Flokkunin/níðurstaðan *forgangsraðar* hverju þarf að byrja á og hvað má bíða aðeins.
- Aðferðin við gerð áhættumatsins er valfrjáls og atvinnurekandi velur einhverja aðferð með sínu fólki.
- Taka þarf tillit til starfseminnar við val aðferðar.

Skilgreiningar og framkvæmd:

Hætta/Áhættuþáttur: Möguleiki eða geta einhvers sem notað er við vinnu eða á vinnustað til að valda líkamlegu eða andlegu heilsutjóni eða vanlíðan starfsmanna og annarra á vinnustað.

Áhættumat er: Kerfisbundin athugun og skráning á áhættuþáttum á vinnustað og mat á líkum á að starfsmaður verði fyrir heilsutjóni.

Áhætta: Líkur á að hætta valdi heilsutjóni á vinnustað, margfeldið **líkur * afleiðingar**.

Áhættumat snýr að: fólki við vinnu, vinnuaðstæðum, vinnuumhverfi, vinnuskipulagi og framkvæmd vinnu.

Áhættumat er úrbótaferli!

Mat á hvort nægjanlegar ráðstafanir séu viðhafðar til að verjast vanlíðan, meiðslum, álagseinkennum eða heilsutjóni.

- Fyrirbyggja og draga úr slysum, óhöppum og heilsutjóni tengdu vinnunni.
- Vinnuslysum og öðrum "vinnutengdum vandamálum" var ekki að fækka nægilega með eldri aðferðum.
- Fá starfsmenn sjálfa til að vinna að og hugsa um þessi mál. Starfsmenn eiga að taka þátt í áhættumatinu.

Hvað skal skrá í áhættugreiningu:

- Hættur/áhættuþætti í vinnuumhverfi (meta afleiðingarnar: minniháttar/nokkuð alvarlegar/mjög alvarlegar).
- Áhættur út frá hættum (meta líkur á að slys verði; litlar/meðal/miklar líkur á að slys verði).
- Hvað er gert til að verja starfsmenn gegn áhættu.
- Er hægt að gera meira til að draga úr áhættu.

Hvenær á að gera áhættugreiningu:

- *Alltaf áður en byrjað er á nýjum verkþætti. Dæmi: Vinna við pípulögn í botni urðunarstaðar, borun gashola*
- Áhættugreiningar fyrir samfellda starfsemi, s.s urðun eða rekstur gasstöðvar, skal yfirfara á reglulegum öryggisfundum á 6 mánaða fresti og endurgera ef þarf.
- Þegar nýir verktakar mæta til vinnu á staðnum skal haldinn öryggisfundur með þeim og þess krafist að þeir skili áhættugreiningum vegna sinna verkþátta.
- Áhættugreiningar skal yfirfara í kjölfar vinnuslysa og ef öryggistrúnaðarmaður og/eða –vörður krefjast þess.